


| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 07 | | |
| Dags.: 08.04.2010 | Ens3036 Kennsluáætlun, vor 2011 | |
| Höfundur: GLÁ | | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 1 af 2 | | |


| | | | |
|----------------|---|---------------|---------------------|
| Kennari | Erna Gunnarsdóttir, Jónas Jónsson, Sigurður Hlynur Sigurðsson | Sk.st. | EHG, JÓJ, SHS |
|----------------|---|---------------|---------------------|

Áfangalýsing: Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en í undanfarandi áföngum og geti greint dýpri merkingu þeirra. Lesin verða bókmenntaverk, þ.á.m. tvær óstyttar skáldsögur og þær túlkaðar út frá bókmenntalegum hugtökum og samhengi. Aðrir textar verða valdir með tilliti til fjölbreytni og efnis. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð skoðanir sínar á skýran og rökrænan hátt í ræðu og riti. Farið verður ítarlega í uppbyggingu efnisgreina og ritgerða. Gert er ráð fyrir að nemendur kunni og geti beitt helstu grunnmálfræðireglum enskrar tungu við lok áfangans án þess þó að um skipulega málfræðikennslu sé að ræða.

Námsmat: fer fram í formi símats (ritgerðir, framsögur, önnur verkefni). Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum en í staðinn eykst vægi þeirra verkefna sem nemandi hefur skilað, gildi þau minna en 10%, **geti hann sýnt fram á réttmæt forföll**. Lágmarkseinkunn er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð).

Markmið:

- > Að nemandi geti lesið flókna texta um margvísleg málefni
- > Að nemandi geti túlkað texta og áttað sig á dýpri merkingu hans
- > Að nemandi læri og tileinki sér aðferðir við ritun efnisgreina og ritgerða
- > Að nemandi geti tjáð sig skipulega og skapandi í rituðu og töluðu máli
- > Að nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt og í hóp
- > Að nemandi þjálfist í notkun tengiorða, samheita og orðmyndunar í rituðu máli

| | | |
|-------------------|--|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 07 | | |
| Dags.: 08.04.2010 | Ens3036 Kennsluáætlun, vor 2011 | |
| Höfundur: GLÁ | | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 2 af 2 | | |

Námsgögn: Skáldsögur: Mark Haddon: *The Curious Incident of the Dog in the Nighttime* (Vintage 2003), Graham Greene: *The Tenth Man* (Vintage 2000), Fjölritað hefti, fæst á skrifstofu. (Fjölritun VMA, vor 2011)

Áætlun um yfirferð:

Vikur 1-2 (11.-23. jan) Kynning áfanga og kennsluáætlunar. Hafinn lestur skáldsögunnar *The Tenth Man*. Lestur og umræður. Krossaspurningar

Vikur 3-5 (25. jan-12. feb) *The Tenth Man*. Lestri og umræðum lokið. Munnlegt próf, skriflegt einstaklingsverkefni í kennslustund, krossaspurningar og verkefni tengt kvikmynd. Hafinn lestur texta um Ísland ofl. í vinnuhefti. Glósu- og verkefnavinna. Orðaforðaverkefni úr tímaritsgreinum.

Vikur 6-8 (15. feb-5. mars) Undirbúningur ritgerðar. Farið í þann hluta heftis sem fjallar um samningu efnisgreina og ritgerða. Ritgerð byggð á efnisyrdingu (einstaklingsverkefni).

Vikur 9-10 (8.-19. mars) Farið í orðmyndun í hefti. Verkefni um orðmyndun.

Vikur 11-13 (22.mars-2. apríl) *The Curious Incident*. Lestur og umræður. Krossaspurningar, Book Report (tíma / heimaverkefni, paravinna).

Vika 14 (6.-9. apríl) Smásagan: "Bloodflowers" tekin fyrir. Verkefni úr smásögu.

Vika 15 (12.-16. apríl) Samantekt annarinnar.

Námsmat og vægi námsþátta:

| | | |
|----------------------|---|-----|
| Skriflegt / munnlegt | Munnlegt próf (10%), ritunarverkefni (10%), krossaspurningar (5%) og kvikmyndaverkefni (5%) úr <i>The Tenth Man</i> . | 30% |
| Skriflegt | Ritgerð byggð á efnisyrdingu. | 15% |
| Skriflegt | Krossaspurningar og Book Report úr <i>The Curious Incident...</i> | 20% |
| Skriflegt | Orðaforða / samheitaverkefni úr tímaritsgreinum. | 10% |
| Skriflegt | Orðmyndunarverkefni | 10% |
| Skriflegt | Smásaga / verkefni. | 10% |
| | Ástundun og þátttaka í kennslustundum | 5% |

Réttur til breytinga áskilinn.

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils